

AUGLÝSING

um staðfestingu á samningi sveitarstjórna Múlaþings, Vopnafjarðarhrepps og Fljótdalshrepps um sameiginlegt þjónustusvæði almennrar og sértækrar félagsþjónustu.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk og 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hafa félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið staðfest samning sveitarstjórna Múlaþings, Vopnafjarðarhrepps og Fljótdalshrepps um sameiginlegt þjónustusvæði almennrar og sértækrar félagsþjónustu. Samningurinn hefur verið kynntur innviðaráðuneytinu.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er Múlaþing leiðandi sveitarfélag á þjónustusvæðinu. Samningurinn tekur til almennrar félagslegrar þjónustu á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og til barnaverndar og farsældarþjónustu á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, auk annarra laga er heyra undir málaflokk félagsþjónustu.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 27. mars 2023.

F. h. r.

Anna Tryggvadóttir.

Theódóra Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um sameiginlegt þjónustusvæði almennrar og sértækrar félagsþjónustu.

Sveitarstjórnir Múlaþings, Vopnafjarðarhrepps og Fljótsdalshrepps gera með sér samning um:

1. Forsendur.

- 1.1 Frá árinu 2011 hefur Fljótsdalshérað veitt sveitarfélögunum Vopnafirði, Borgarfirði eystra, Seyðisfirði, Djúpavogi og Fljótsdalshreppi almenna félags- og barnaverndarþjónustu samkvæmt samningi frá febrúar 2011. Þessi samningur tekur við af eldri samningi milli sveitarfélaganna.

- 1.2 Sveitarfélögin Múlaþing, Vopnafjarðarhreppur og Fljótsdalshreppur hafa ákveðið að gera samning á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og á grundvelli samstöðu og samábyrgðar. Í greininni segir:

Sveitarfélög geta samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.

Þegar sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög er heimilt að ákveða að þau sveitarfélög sem teljast kaupendur þjónustu tilnefni áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi viðkomandi nefndar í því sveitarfélagi sem telst þjónustuveitandi þegar málefni samstarfsverkefnisins eru þar til umræðu.

Fulltrúar í sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem hafa falið öðru sveitarfélagi að annast fyrir sig afmörkuð verkefni samkvæmt þessari grein eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um það verkefni hjá því sveitarfélagi sem veitir þjónustuna og þeir hefðu ella haft skv. 28. gr.

Í samningi um samvinnu samkvæmt þessari grein skulu að lágmarki eftirfarandi atriði tiltekin:

- 1. hvaða sveitarfélög eru aðilar að samstarfinu,*
- 2. hvert þeirra sér um rækslu verkefnis,*

3. nákvæm tilgreining viðkomandi verkefnis eða verkefna,
4. hvaða valdheimildir færast til þess sveitarfélags sem sér um verkefni,
5. gildistími samnings og á hvaða tíma sveitarfélagið taki verkefnið yfir,
6. þörf á staðfestingu á ákvörðunum um framkvæmd verkefnis,
7. hvort sveitarfélagi sé heimilt að gera samning við einkaaðila um framkvæmd verkefnis skv. 100. gr.,
8. upplýsingagjöf til annarra samstarfsaðila,
9. fjárhagslegt uppgjör og samskipti vegna verkefnisins,
10. eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á, og önnur mikilvæg atriði sem varða framkvæmd verkefnis og fjárútlát vegna þess.

Ef sveitarfélög sem eru aðilar að samningi samkvæmt þessari grein eru um það sammála má slíta samstarfi þegar í stað. Að öðrum kosti getur hvert sveitarfélag sagt upp aðild sinni að samningi með eins árs fyrirvara hafi ekki verið samið um annan uppsagnarfrest.

- 1.3 Samningur þessi tekur til almennrar félagslegrar þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og barnaverndar og farsældarþjónustu á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, auk annarra laga er heyra undir málaflokk félagsþjónustu og barnaverndar.
- 1.4 Aðildarsveitarfélög þessa samnings vilja veita þjónustu af metnaði og fagmennsku með þarfir íbúa að leiðarljósi. Áhersla er á fjölskylduvænt samfélag og sjálfsefingu einstaklinga.
- 1.5 Sveitarfélögin eru sammála um að halda áfram innleiðingu Austurlandslíkansins, átaksverkefnis gegn skólaforðun, forvarnarverkefnis gegn heimilisofbeldi og SES – samvinnu eftir skilnað.
- 1.6 Múlaþing þarf ekki staðfestingu aðildarsveitarfélaganna á ákvörðunum sem teknar eru vegna framkvæmda verkefnisins, sbr. þó gr. 7.3 í samningi þessum.
2. Samningsaðilar og tengiliðir.
 - Múlaþing, kt. 660220-1350. Tengiliður: félagsmálastjóri.
 - Vopnafjarðarhreppur, kt. 710269-5596. Tengiliður: sveitarstjóri.
 - Fljótisdalshreppur, kt. 550169-5339. Tengiliður: sveitarstjóri.
3. Þjónustusvæði.
 - 3.1 Ofangreind sveitarfélög mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Austurlandi um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk. Þjónustusvæðið er ekki sjálfstæður lögaðili.
 - 3.2 Frá undirritun samnings þessa er Múlaþing leiðandi sveitarfélag á þjónustusvæðinu og veitir íbúum, sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögum, þjónustu eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.
 - 3.3 Sveitarstjórnir Vopnafjarðarhrepps og Fljótisdalshrepps hafa ákveðið að framselja til Múlaþings vald til ákvörðunar um stefnumótun og framkvæmd almennrar og sértækrar félagsþjónustu er varðar þá sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögunum. Í því felst m.a. að Vopnafjarðarhreppur og Fljótisdalshreppur framselja vald sitt til töku stjórnvaldsákvæðana sem heyra undir þau verkefni sem Múlaþing er falið að sinna fyrir þau. Valdheimildum Múlaþings er nánar lýst í samningi þessum.
 - 3.4 Fjölskylduráð Múlaþings fer m.a. með framkvæmd verkefna félagsþjónustu á samningstímanum, samkvæmt erindisbréfi frá sveitarstjórn Múlaþings. Fjölskylduráð fer með hlutverk félagsmálanefndar skv. 5. og 7. gr. laga nr. 40/1991.
 - 3.5 Sveitarfélögin eiga aðild að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni skv. 11. gr. barnaverndarlaga og samningi þar að lútandi og standa að sameiginlegri barnaverndarþjónustu skv. 10. gr. sömu laga.
 - 3.6 Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um þjónustuna á faglegu mati sérfræðinga félagsþjónustu. Sá sem metinn er í mestri þörf fyrir þjónustu skal að öllu jöfnu hafa forgang að þjónustu, óháð búsetu. Þá gilda sömu viðmið um þjónustustig á svæðinu öllu, að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum stað.

- 3.7 Múlaþingi er heimilt að gera samninga við aðra aðila um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar.
4. Stjórn þjónustusvæðisins.
- 4.1 Stjórn og framkvæmd samningsins er í höndum sveitarstjórnar Múlaþings.
- 4.2 Sveitarfélögin starfrækja sameiginlega samráðshóp um málefni fatlaðs fólks skv. 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, en þar segir: *Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.*
- 4.3 Sveitarfélögin starfrækja sameiginlegan samráðshóp (öldungaráð) um málefni aldraðra skv. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, en þar segir: *Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félag eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.*
5. Markmið.
- 5.1 Markmið samningsins eru einkum að: Tryggja faglega, samþætta og heildstæða félagslega þjónustu fyrir íbúa á þjónustusvæðinu.
- Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra.
 - Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta á sviði
 - félagslegrar þjónustu.
 - Þróa og efla samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
6. Þjónusta Múlaþings.
- 6.1 Múlaþing annast ráðgjöf á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Barnaverndarstarf er á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Sveitarfélagið veitir ráðgjöf í samræmi við ákvæði ofangreindra laga, önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða þá málaflokka og samþykta um þjónustu. Þá skal veiting ráðgjafar að auki taka mið af ákvæðum stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og annarra laga er snúa að málaflokknum.
- 6.2 Samningurinn felur í sér að Múlaþing tekur að sér að veita eftirtalda ráðgjöf og þjónustu:
- 6.2.1 Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf um einstaka þætti félagsþjónustu. Starfsfólk félagsþjónustu annast móttöku og úrvinnslu á umsóknum um fjárhagsaðstoð, félagslega ráðgjöf og stuðningsþjónustu skv. V., VI. og VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagi er skylt að sjá um stuðningsþjónustu handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning.
- 6.2.2 Ráðgjöf og mat á þörf fyrir félagslega heimaþjónustu og félagslegt leiguhúsnæði.
- 6.2.3 Þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðrar búsetu og samfélagslegrar þátttöku.

- 6.2.4 Þjónustu á sviði hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu svo að fatlaðir einstaklingar geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.
 - 6.2.5 Þjónusta við fatlað fólk með viðvarandi fjölpættan stuðning þjónustukerfa félags-, heilbrigðis- og menntamála við að mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar. Gera einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir, útfæra þjónustu við viðkomandi, hafa samráð um þjónustu og tryggja samfellu og gæði hennar.
 - 6.2.6 Ráðgjöf, móttaka og úrvinnsla umsókna notendasamninga fyrir fatlað fólk til að auka val einstaklinga um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings eða aðstoðar, að undangengnu mati þar um.
 - 6.2.7 Sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra, þ.m.t. stuðla að þátttöku í tómstundum og menningarlífi.
 - 6.2.8 Mæta þörfum fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.
 - 6.2.9 Mæta þörfum fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
 - 6.2.10 Starfsfólk barnaverndarþjónustu annast móttöku á barnaverndartilkynningum og úrvinnslu þeirra, auk þess að beita stuðningsúrræðum til hagsbóta fyrir einstök börn og fjölskyldur þeirra, þegar það á við. Starfsfólk Félagsþjónustu Múlaþings annast skýrslugerð og útfyllingu eyðublaða til Barna- og fjölskyldustofu og upplýsingagjöf skv. beiðni, í samræmi við lög og reglugerðir sem og samskipti við ytri stofnanir og aðila.
- 6.3 Múlaþing sér um að taka allar ákvarðanir um framkvæmd verkefnisins án þess að fá staðfestingar frá aðildarsveitarfélögunum.
7. Fjármögnun.
 - 7.1 Aðilar þjónustusvæðisins bera sameiginlega ábyrgð á fjármögnun þjónustu innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.
 - 7.2 Fyrir veitta þjónustu, sem m.a. er veitt á grundvelli barnaverndarlaga, laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, samkvæmt samningi þessum, skal þátttöku Múlaþings, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps, í sameiginlegum kostnaði vegna Félagsþjónustu Múlaþings, jafnað niður á sveitarfélögin á eftirfarandi hátt: Annars vegar í 50% hlutfalli af skattgreiðslum næstliðins árs, samkvæmt árbók sveitarfélaga og hins vegar 50% hlutfalli miðað við íbúafjölda hvers sveitarfélags sama ár.
 - 7.3 Kostnaðaráætlun vegna reksturs félagsþjónustunnar sem unnin er af stjórnarsýslu Múlaþings, skal borin undir og staðfest af sveitarstjórnnum Múlaþings, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps.
 - 7.4 Vegna þjónustu við fatlað fólk í samningi þessum er farið skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og samningi sveitarfélaga um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks frá 17. desember 2010.
 - 7.5 Greiðslum samkvæmt samningi þessum verður dreift jafnt á alla mánuði hvers almanaksárs. Sveitarfélagið Múlaþing gefur út reikning fyrir mánaðargreiðslum samkvæmt samningnum og skal inna þær af hendi fyrir 15. dag hvers mánaðar, inn á hlaupareikning Múlaþings nr. 0305-26-9700.
 - 7.6 Sveitarfélagið Múlaþing verður eigandi allra mannvirkja, rekstrartækja og annarra muna sem kunna að verða keypt vegna verkefnisins.
 8. Útgjöld sveitarfélaganna.
 - 8.1 Kostnaður vegna sértækra úrræða á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlaga nr. 80/2002, er ekki innifalinn í hlutfallslegum greiðslum og greiðist því sérstaklega af því sveitarfélagi þar sem viðkomandi þjónustuþegar/málsaðilar eiga heimilisfesti/lögheimili, s.s. persónulegur ráðgjafi, tilsjón, liðveisla, stuðningsfjölskyldur, vistun, fóstur, fjárhagsaðstoð, heimaþjónusta sem og önnur aðkeypt þjónusta.
 - 8.2 Hvert sveitarfélag ber kostnað vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.

- 8.3 Í þeim tilvikum sem þess verður óskað annast starfsmenn félagsþjónustunnar móttöku umsókna og úrvinnslu á húsaleigubótum og ganga frá skilagreinum vegna þeirra til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fyrir aðildarsveitarfélög samningsins. Hið sama gildir þá um skilagreinar til Hagstofu og ráðuneyta.
9. Starfsfólk.
- 9.1 Múlaþing verður vinnuveitandi starfsfólks sem starfar að verkefnum sem samningurinn tekur til, það þýðir m.a. að Múlaþing fer með ráðningarsamband og allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsfólki, sér um afgreiðslu launa til starfsfólks og stendur skil á lögbundnum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum og iðgjöldum til stéttarfélaga. Hér er ekki átt við starfsfólk stuðningsþjónustu á hverjum stað sem veitir t.d. heimaþjónustu, liðveislu, akstur fatlaðra eða á heimsendum mat né annað starfsfólk sem sérstaklega er ráðið til þess að sinna lögbundinni stuðningsþjónustu.
- 9.2 Starfsfólk sem ráðið verður til starfa skal uppfylla lágmarksskilyrði laga sem við eiga.
- 9.3 Starfsfólki ber að gæta trúnaðar um atriði sem það fær vitneskju um við framkvæmd samningsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum. Múlaþing skuldbindur sig til að tryggja undirritun starfsfólks síns um þagnarskyldu.
- 9.4 Óheimilt er að ráða í störf sem unnin eru í félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem veita fötluðu fólki þjónustu.
10. Ábyrgð.
- Félagsþjónusta Múlaþings ber ábyrgð á þeirri ráðgjafaþjónustu sem veitt er, samkvæmt samningi þessum. Er þá bæði átt við faglega ábyrgð sem og ábyrgð vegna hugsanlegs tjóns sem af framkvæmd samningsins kann að leiða vegna mistaka eða gáleysis starfsfólks. Kostnað vegna hugsanlegs tjóns bera sveitarfélögin í sama hlutfalli og almennan rekstur á félagsþjónustunni.
11. Samningsforsendur.
- Við gerð þessa samnings er miðað við ákveðnar forsendur sem auk þess að koma fram í samningnum sjálfum s.s. reglum um fjárhagsaðstoð og í reikningslegum forsendum sem samningsaðilar eru sammála um og hafa jafnan aðgang að. Samningsaðilar eru sammála um að ef þessar samningsforsendur breytast í verulegum atriðum geti þeir hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir endurskoðun á samningnum.
- Fulltrúar í sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem hafa falið öðru sveitarfélagi að annast fyrir sig afmörkuð verkefni samkvæmt þessari grein eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um það verkefni hjá því sveitarfélagi sem veitir þjónustuna og þeir hefðu ella haft skv. 28. gr. sveitarstjórnarlaga.
12. Meðferð ágreinings.
- Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar reyna sættir með fundi sveitarstjóra og félagsmálastjóra. Náist ekki sættir skal ágreiningur borinn upp og rekinn fyrir Héraðsdómi Austurlands, Egilsstöðum.
13. Uppsögn og slit.
- 13.1 Sveitarfélag sem er aðili að samningi þessum getur sagt upp aðild sinni að honum með eins árs fyrirvara. Uppsögnin skal send með sannanlegum hætti til aðildarsveitarfélaganna. Uppsögnin tekur gildi frá og með næsta mánuði sem hún barst.
- 13.2 Ef öll aðildarsveitarfélögin samþykkja þá má slíta samstarfi þegar í stað, sbr. 5. mgr. 96. gr. laga nr. 138/2011.

14. Gildistími og endurskoðun.

- 14.1 Samningur þessi tekur þegar gildi. Hvert sveitarfélag fyrir sig getur auk þess óskað endurskoðunar á einstökum þáttum samningsins með þriggja mánaða fyrirvara. Ekki er hægt að segja upp einstökum þjónustubáttum án þess að segja upp samningnum í heild.
- 14.2 Samningur þessi kemur í staðinn fyrir samning um sameiginlega félagsþjónustu og barnavernd sem Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Vopnafjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður gerðu með sér í febrúar 2011. Samningur þessi er ótímabundinn.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings við aðra umræðu 14. desember 2022.

Samþykkt í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps við aðra umræðu 10. janúar 2023.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps við aðra umræðu 15. desember 2022.